

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, þriðjudaginn 10. mars 2020.

Fundurinn var 20. fundur á starfsárinu og fundur nr. 2923 frá upphafi. Fundurinn var haldinn á Café Catalínu, kl. 17:30 og var í umsjá Þjóðmálanefndar, formaður Sigurjón Sigurðsson. 19 félagar voru mættir sem gerir 80% mætingarhlutfall.

Gestir voru þrír, Brynja Guðmundsdóttir, Ástríður Pálsdóttir og Páll Torfi Önundarson, yfirlæknir blóðmeinafræði á Landspítala, prófessor við læknadeild HÍ og félagi í Rótarýklúbb Reykjavík – Austurbæ. Páll var fyrirlesari dagsins.

Forseti í forföllum Jóns Sigurðssonar var Friðbert Pálsson sem setti fundinn.

Ólafur Tómasson flutti 3ja mínútna erindi um töluna sjö. Talan kemur víða við t.d. hafa margar borgir byggst upp á 7 hæðum og er Róm dæmi um það. Guð skapaði himinn og jörð á 6 dögum og hvíldi sig á hinum sjöunda degi, sunnudegi. Talan sjö er sjöunda náttúrulega talan og heilög tala í kristinni trú.

Hafsteinn Skúlason kynnti Pál Torfa Önundarson prófessor við læknadeild H.Í. sem er afkastamikill fræðimaður, hlotið margvíslegar viðurkenningar og er jafnframt rómaður tónlistarmaður. Páll útskrifaðist frá HÍ árið 1981, fór í framhaldsnám í Connecticut og Rochester í Bandaríkjunum og var þar næstu sex árin. Brynja, eiginkona Hafsteins er samstarfsmaður Páls.

Heiti erindis Páls var „Framlag Íslands til bættrar blóðþynningar mannkynsins...“ Páll fór yfir hvers vegna blóð storknar í sári en helst fljóttandi í heilbrigðri æð. Hann lýsti tveimur gerðum af blóðsegum sem kallast blóðtappar í almennu máli, annarsvegar slagæðasegar og hinsvegar bláæðasegar. Bláæðasegar geta m.a. komið í kjölfar skurðaðgerða og myndast hjá krabbameinssjúklingum en einnig hjá heilbrigðum einstaklingum. Blóðsegar eru hvítir í slagæðum en rauðir í bláæðum. Blóðtappar í fótleggjum geta valdið blóðtappa í lungum. Við gáttatíf hjarta geta myndast litlir blóðtappar sem geta skotist upp í heila og valdið heiladrepi með alvarlegum afleiðingum.

Blóðþynning er meðferð til að koma í veg fyrir myndun nýrra sega og minnka hættuna á að blóðtappar stækki. Bláæðasegar og slagæðasegar valda 40 til 50% allra dauðsfalla og geta haft miklar króniskar afleiðingar fyrir þá sem lifa af. Warfarín er gamalt blóðþynningarlyf sem kom á markað 1954. Upp úr 2010 komu ný og mun dýrari lyf sem nú hafa náð mikilli útbreiðslu. Þrátt fyrir það er warfarín enn mikið notað. Þau Páll og Brynja hafa rannsakað og þróað á síðustu 11 árum mæliaðferð sem hefur fengið nafnið Fiix-PT til að stýra skömmtum warfaríns og skyldum lyfjum. Fyrirtækið Fiix greining ehf var stofnað um þessa uppgötvun. Árangur meðferðar sem stýrt er með Fiix-PT er 50% betri (50% færri blóðsegar), færri skammtabreytingar og lengra á milli mælinga borið saman við eldri mæliaðferðir. Aukaverkanir blóðþynningar eru blæðingar en framangreindur árangur náðist án þess að blæðingum fjölgaði. Meðferð með warfaríni geta líka fylgt kostir t.d minni vitræn glöp við öldrun og lækkuð tíðni krabbameina hjá gáttatífssjúklingum. Fiix-PT kemur á markað í Bretlandi í apríl 2020 í samstarfi við Hart Biologicals Ltd.

Til máls tóku: Guðmundur Ólafsson, Ingólfur Antonsson, Sigfinnur Þorleifsson, Inga Hersteinsdóttir, Bolli Magnússon, Ólafur Tómasson og Ásgeir Jóhannesson.

Forseti minnti á að fundir hjá klúbbum féllu niður um óákveðin tíma vegna Covid 19 samkomubannsins.

Fleira var ekki gert, farið var með fjórprófið og forseti sleit fundi kl. 19:00.